

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. 1. janúar – 30. júní 2014.

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 29. ágúst 2014.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á fyrri hluta ársins 2014 nam 4.234 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt um sem nam 39.760 þús. kr. samkvæmt árshlutareikningi. Á hluthafafundi í félaginu var hlutafé aukið um 25 milljónir kr.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok tímabilsins námu eftirstöðvar lána 405 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 60.841 þús. kr. á ársgrundvelli með virðisaukaskatti og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Sturla Böðvarsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.